



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. febrúar 2025

Lotukerfi í 4. flokki karla og Leyfisreglugerð KSÍ vegna Laugardalsvallar

Ágætu félagar.

Á fundum stjórnar KSÍ 15. janúar sl. og 21. febrúar sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót annars vegar og Leyfisreglugerð KSÍ hins vegar. Um er að ræða:

- **Lotukerfi í keppni A-liða í 4. flokki karla og kvenna, og**
- **Laugardalsvöllur sem mögulegur keppnisvöllur í Evrópukeppni**

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

26. grein - 4. flokkur karla

Þrátt fyrir ákvæði 26.1 fer um keppni A-liða keppnistímabilið 2025 eftir bráðabirgðaákvæði 26.4

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2025.

26.4. Íslandsmót A-liða

26.4.1. Í 4. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2025 fara eftir ákvæði þessu.

26.4.2. Liðum skal raðað niður í sex liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

26.4.3. Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- Lota 1; skal leikin frá maí til júní mánaðar.
- Lota 2; skal leikin frá júní til júlí
- Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

26.4.4. Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

32. grein - 4. flokkur kvenna

Þrátt fyrir ákvæði 32.1 fer um keppni A-liða keppnistímabilið 2025 eftir bráðabirgðaákvæði 32.4

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2025.

32.4. Íslandsmót A-liða

32.4.1. Í 4. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2025 fara eftir ákvæði þessu.

32.4.2. Liðum skal raðað niður í sex liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

32.4.3. Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- Lota 1; skal leikin frá maí til júní mánaðar.
- Lota 2; skal leikin frá júní til júlí
- Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

32.4.4. Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

Leyfisreglugerð KSÍ

MANNVIRKJAFORSENDUR

Grein 33 - Leikvangur – keppnisvöllur félags á Íslandsmóti og í Evrópukeppni

- KSÍ mun tryggja að Laugardalsvöllur uppfylli ein sett skilyrði fyrir KSÍ flokk A (UEFA flokk 3), svo lengi sem veðurfar, árstími og aðrar aðstæður leyfa. Aðildarfélag KSÍ, byður hann til notkunar fyrir öll félög sem eru í þeirri stöðu að þurfa annan leikvöll fyrir leiki í Evrópukeppnum félagsliða getur sótt um afnot af Laugardalsvelli þannig að hann þjóni geti þjónað sem fastur aðal- eða varavöllur í Evrópukeppnum félagsliða. Valkvætt er að nýta sér þjónustu veitingareksturs og/eða öryggisgæslu. Aðildarfélag skal greiða gjald fyrir afnot af Laugardalsvelli vegna leikja í Evrópukeppni félagsliða. Gjald fyrir afnot af Laugardalsvelli skal fara eftir gjaldskrá sem fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ setur. Miðað skal við að gjald vegna leigu á Laugardalsvelli nemi heildarkostnaði vegna afnota, svo sem vegna undirbúnings og tiltektar, öryggismála og sértækra aðgerða til að völlurinn sé leikhæfur.

Greinargerð

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um ræðir tímabundnar breytingar á reglum sem gilda um keppni A-liða í 4. flokki karla og kvenna. Nánar tiltekið að keppnistímabilið 2025 verður leikið eftir lotufyrirkomulagi í Íslandsmóti A-liða í 4. flokki karla og kvenna. Fyrirkomulagið er samræmt því sem þekktist í 2. og 3. aldursflokki. Í öðru lagi er um að ræða breytingu á grein 33.6 í leyfisreglugerð og varðar Laugardalsvöll sem mögulegan keppnisvöll félags í Evrópukeppni. Aðildarfélag KSÍ, sem er í þeirri stöðu að þurfa leikvöll fyrir leiki í Evrópukeppnum félagsliða getur sótt um afnot af Laugardalsvelli þannig að hann þjóni sem aðal- eða varavöllur í Evrópukeppnum félagsliða. Valkvætt er að nýta sér þjónustu veitingareksturs og/eða öryggisgæslu. Aðildarfélag skal greiða gjald fyrir afnot af Laugardalsvelli vegna leikja í Evrópukeppni félagsliða. Gjald fyrir afnot af Laugardalsvelli skal fara eftir gjaldskrá sem fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ setur. Miðað skal við að gjald vegna leigu á Laugardalsvelli nemi heildarkostnaði vegna afnota, svo sem vegna undirbúnings og tiltektar, öryggismála og sértækra aðgerða til að völlurinn sé leikhæfur.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ